

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/78/EB

frá 1. október 2002

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/320/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup> eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/116/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,

Frá og með 1. janúar 2003 skulu aðildarríkin ekki, af ástæðum er varða hemlakerfi ökutækja, banna að hemlaborðar til endurnýjunar séu seldir eða teknir í notkun ef þeir eru í samræmi við kröfur tilskipunar 71/320/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/12/EB <sup>(4)</sup>, einkum 5. gr.,

1. Frá og með 1. júní 2003 geta aðildarríkin, af ástæðum er varða hemlakerfi ökutækja, bannað að hemlaborðar til endurnýjunar séu seldir eða teknir í notkun ef þeir eru ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 71/320/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

og að teknu tidlliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 71/320/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/156/EBE og varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, gilda um tilskipun 71/320/EBE.
- 2) Ekki er talið nauðsynlegt að beita kröfunum varðandi viðurkenningu á hemlaborðasamstæðum til endurnýjunar fyrir eftirmarkað þegar um er að ræða samstæður sem eru notaðar við viðurkenningu hemlakerfisins, að því tilskildu að unnt sé að bera kennsl á slíkar samstæður í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.
- 3) Nauðsynlegt er að skýra það hvernig tilskipun 71/320/EBE er beitt á hemlaborðasamstæður til endurnýjunar fyrir eftirmarkað m.t.t. merkingar og pökkunar. Gera þarf greinarmun á sams konar hemlaborðasamstæðum til endurnýjunar og eru í upprunalega búnaðinum sem er notaður í tiltekið ökutæki og þeim sem eru það ekki.
- 4) Breyta ber tilskipun 71/320/EBE til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu aðildarríkin leyfa að hemlaborðar til endurnýjunar séu seldir eða teknir í notkun ef þeir eru ætlaðir í gerðir ökutækja sem fengu gerðarviðurkenningu áður en tilskipun 71/320/EBE öðlaðist gildi, eins og henni var breytt með tilskipun 98/12/EB, og með því skilyrði að þeir brjóti ekki í bága við ákvæði fyrri gerðar af tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/12/EB, sem voru í gildi þegar ökutækin voru tekin í notkun. Í þessum hemlaborðum má undir engum kringumstæðum vera asbest.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 31. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., IX. og XV. viðauka við tilskipun 71/320/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

5. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 18, 21.1.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 202, 6.9.1971, bls. 37.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 81, 18.3.1998, bls. 1.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. október 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

—

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukanum við tilskipun 71/320/EBE:

1. Í 2. lið I. viðauka bætist við eftirfarandi liðir, 2.3 til 2.3.4:

- „2.3. Hemlaborðar og hemlaborðasamstæður.
- 2.3.1. Hemlaborðasamstæður, sem koma í stað útslitinna íhluta, skulu samrýmast kröfunum í XV. viðauka að því er varðar þá flokka ökutækja sem eru tilgreindir í lið 1.1 í XV. viðauka.
- 2.3.2. Þegar hemlaborðasamstæður eru af gerð sem fellur undir lið 1.2 í viðbætinum við IX. viðauka og eru ætlaðar til að setja þær í ökutæki/ás/hemil, sem viðeigandi gerðarviðurkenningarskjal á við um, þurfa þær ekki að vera í samræmi við XV. viðauka að því tilskildu að þær uppfylli kröfunar sem koma fram í liðum 2.3.2.1 til 2.3.2.2.
- 2.3.2.1. Merkingar.
- Á hemlaborðasamstæðum skulu a.m.k. vera upplýsingar um eftirfarandi:
- 2.3.2.1.1. Nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins og/eða ihlutarins.
- 2.3.2.1.2. Tegund og einkennandi hlutanúmer hemlaborðasamstæðunnar eins og það er skráð í upplýsingunum sem getið er um í lið 2.3.4.
- 2.3.2.2. Pökkun.
- Hemlaborðasamstæðunum skal pakkað í ásattum í samræmi við eftirfarandi kröfur:
- 2.3.2.2.1. Hver pakki skal vera innsiglaður og þannig gerður að það sjáist ef hann hefur verið opnaður.
- 2.3.2.2.2. Á hverjum pakka skal sjást a.m.k.:
- 2.3.2.2.2.1. Hve margar hemlaborðasamstæður eru í honum.
- 2.3.2.2.2.2. Nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins og/eða ihlutarins.
- 2.3.2.2.2.3. Tegund og einkennandi hlutanúmer hemlaborðasamstæðunnar (eða samstæðnanna) eins og það er skráð í upplýsingunum sem getið er um í lið 2.3.4.
- 2.3.2.2.2.4. Hlutanúmer ásattsins eins og það er skráð í upplýsingunum sem getið er um í lið 2.3.4.
- 2.3.2.2.2.5. Nægar upplýsingar til að kaupandinn geti borið kennsl á ökutækin/ásana/hemlana sem innihaldið er viðurkennt fyrir.
- 2.3.2.2.3. Í hverjum pakka skulu vera leiðbeiningar um ísetningu með sérstakri tilvísun í aukahluti og upplýsingar sem gefa til kynna að hemlaborðasamstæðurnar skuli settar í í ásattum.
- 2.3.2.2.3.1. Leiðbeiningar um ísetningu mega líka vera í sérstökum, gagnsæjum umbúðum hjá pakkanum sem hemlaborðasamstæðurnar eru í.
- 2.3.3. Hemlaborðasamstæður, sem eru afhentar framleiðanda ökutækis eingöngu til að nota við samsetningu ökutækisins, þurfa ekki að samrýmast kröfunum sem koma fram í liðum 2.3.2.1 og 2.3.2.2 hér að framan.
- 2.3.4. Framleiðandi ökutækisins skal veita tæknimönnum og/eða viðurkenningaryfirvaldi nauðsynlegar upplýsingar í rafrænu formi sem tengja saman viðeigandi hlutanúmer og gerðarviðurkenningarskjölin.

Þessar upplýsingar skulu ná yfir:

- tegund og gerð ökutækis
- tegund og gerð hemlaborða
- hlutanúmer og fjölda hemlaborðasamstæðna
- hlutanúmer ásattsins
- gerðarviðurkenningarnúmer hemlakerfis viðkomandi ökutækisgerðar.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. viðbæti IX. viðauka:
- a) Eftirfarandi komi í stað fyrstu línu EB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:
- „Tilkynning (\*) um
- (\*) Ef umsækjandi um viðurkenningu skv. XV. viðauka við tilskipun 71/320/EBE óskar eftir því skal gerðarviðurkenningaryfirvald veita upplýsingarnar sem um getur í 3. viðbæti IX. viðauka við tilskipun 71/320/EBE. Þessar upplýsingar skulu þó ekki veittar í öðrum tilgangi en fyrir viðurkenningu skv. XV. viðauka við tilskipun 71/320/EBE.
- b) Í viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið komi eftirfarandi í stað liða 1.2, 1.2.1 og 1.2.2:
- „1.2. Hemlaborðar
- 1.2.1. Hemlaborðar prófaðir samkvæmt öllum viðeigandi fyrirmælum í II. viðauka
- 1.2.1.1. Tegund og gerð hemlaborða
- 1.2.2. Aðrir hemlaborðar prófaðir skv. XII. viðauka:
- 1.2.2.1. Tegund og gerð hemlaborða:“
3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. viðauka:
- a) Í stað liðar 6.1 komi eftirfarandi:
- „Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar, sem eru í samræmi við gerð sem hefur verið viðurkennd í samræmi við þessa tilskipun, skulu pakkaðar sem ásasett.“
- b) Í stað liðar 6.3.4 komi eftirfarandi:
- „nægar upplýsingar til að kaupandinn geti borið kennsl á ökutækin/ásana/hemlana sem innihaldið er viðurkennt fyrir.“
-